

Nd. **205. Frumvarp til laga** [122. mál]

um breyting á lögum nr. 62 31. maí 1979, um landflutningasjóð.

Frá samgöngunefnd.

1. gr.

Á eftir 1. mgr. 1. tl. 4. gr. laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Gjald þetta skal lagt á allan rekstur vöruflutningabifreiða, á sama stofn og aðstöðugjald er lagt á skv. V. kafla laga nr. 8 22. mars 1972, um tekjustofna sveitarfélaga, í fyrsta sinn árið 1980 af tekjum ársins 1979.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

G r e i n a r g e r ð .

Lög um landflutningasjóð voru samþykkt á Alþingi 23. maí 1979. Alþingi samþykkti frumvarpið til laganna óbreytt eins og það var lagt fram af samgöngunefnd efri deildar sem mál nr. 314, þingskjal 779. Alþingi hafði áður fjallað um frumvörp svipaðs efnis, þ. e. um stofnlánasjóð vörubifreiða á flutningaleiðum, í fyrsta skipti á 97. löggjafarþingi 1975—1976, er samgöngunefnd efri deildar lagði fram frumvarp til laga um stofnlánasjóð vörubifreiða á flutningaleiðum, 275. mál, þingskjal 644, og á 100. löggjafarþingi 1978, er samgönguráðherra lagði fram frumvarp til laga um landflutningasjóð í efri deild, 161. mál, þingskjal 294. Efnislega fjalla bæði ofanefnd frumvörp og frumvarpið til laga um landflutningasjóð um sama efni, þ. e. að koma á fót stofnlánasjóði til kaupa á vöruflutningabifreiðum. Þau mistök urðu við síðasta frumvarpið, að ekki kom fram hver gjaldstofninn væri er leggja ætti 1% gjald á. Ofangreint frumvarp er nánast samhljóða 2. mgr. 3. liðar 1. tl. 4. gr. frumvarps til laga um landflutningasjóð eins og það var lagt fyrir á 100. löggjafarþingi 1978.

Lögin um landflutningasjóð gera ráð fyrir stofnlánnum til kaupa á vöruflutningabifreiðum og lánnum til bygginga sem eru í beinum tengslum við flutningastarfsemina, þ. e. vöruafgreiðslu. Gjaldstofninn skv. 1. gr. frumvarpsins er því aðstöðugjaldsstofn vegna rekstrar bifreiðanna sjálfra og þeirra vöruafgreiðslna sem tengjast þeim.